

Nr. 077 / 16 Vésteinn víkingaskip**Strandar við Engey**

Skipaskr.nr. 7650
Smíðaður: Þingeyri 2008, lerki
Útgerð: Á sjó og landi ehf
Stærð: 0 brl. 12,67 bt.
Mesta lengd: 11,99 m Skráð lengd: 11,75 m
Breidd: 2,96 m Dýpt: 1,10 m
Vél: Selva Marine, 18,40 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 2
Farþegar: 7



Vésteinn © BB fréttir

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. júlí 2016 var víkingaskipið Vésteinn á siglingu við Engey. Veður: Logn.

Upplýsingar bárust Vaktstöð siglinga (VSS) frá farþegarbát á svæðinu um að víkingaskipið Vésteinn væri strandað við austanverða Engey en ekki væri hætt á ferðum. Með aðstoð farþegabátsins Lunda tókst að ná Vésteini á flot en ekki kom leki að honum og hann skemmdist ekki. Vésteini var siglt til hafnar í Reykjavík.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra var skipið ílundaskoðun og hann hefði einfaldlega hætt sér of nálægt Engey. Einnig kom fram að kjölurinn undir skipinu væri lagður stálrenningi og að engin hættu hefði skapast fyrir áhöfn eða farþega;
- að fram kom hjá VSS að skipið hafði ekki tilkynnt brottför úr höfn né fjölda um borð og þennan dag var enginn lögskráður um borð;
- að ítrekað var reynt að fá frekari upplýsingar frá útgerð um atvikið án árangurs;
- að hætt var að nota bátinn í svona ferðir fljótlega eftir þetta atvik.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sérstök ábending:

Nefndin hefur gert tillögu í öryggisátt um að útgerðir farþegaskipa geri skipstjórum skylt að sigla fyrir fram merktar og öruggar siglingaleiðir til að tryggja öryggi skipa sinna (mál nr. 03816).